

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26, 4. hæð
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars, 2023

Efni: Umsögn Samtak þörungafélaga um skýrslu Boston Consulting Group um stöðu og framtíð lagareldis á Íslandi

Samtök þörungafélaga stuðla að þekkingarmiðlun um þörunga og sjálfbæra nýtingu þeirra og gæta hagsmuna aðila félagsins. Aðilar félagsins eru fyrirtæki og stofnanir sem stunda ræktun, sjálfbæra öflugun, rannsóknir, vinnslu, vöruþróun, fræðslu, nýsköpun og/eða sölu afurða tengda þörungum á Íslandi. Samtökin voru stofnuð síðastliðið haust og telja félagar á þriðja tug tengdir smá- og stórþörungum, þvert á ræktunaraðferðir eða nýtingu.

Yfirlit

Samtökin fagna þeirri umfjöllun sem þörungar og möguleikar þeirra fá í skýrslu Boston Consulting Group um lagareldi. Þónokkur fyrirtæki eru í framleiðslu, rannsóknar- og þróunarfasa vegna verkefna tengdum nýtingu stórþörunga til manneldis, sem fæðubótaefni fyrir landbúnað, kolefnisbindingu, orku- og eldsneytisframleiðslu, eða til framleiðslu á umbúðum svo eitthvað sé nefnt. Á sama tíma er mikil og öflug uppbygging að eiga sér stað í framleiðslu á smáþörungum, en eins og skýrslan bendir réttilega á eru mjög öflug fyrirtæki á heimsvísu í smáþörungarækt á Íslandi og mikil uppbygging framundan. Það eru því sannarlega tækifæri í þörungum fyrir Ísland enda henta náttúruleg skilyrði einkar vel fyrir báðar atvinnugreinar.

Samtökin benda á mikilvægi að komið verði á fót góðu samtali milli stjórnvalda og við þá aðila sem hyggja á rannsóknir, þróun, og fjárfestingar tengdum smá- og stórþörungum. Á sama tíma og Samtök þörungafélaga eru mjög meðvituð um nauðsyn regluverks og mikilvægs eftirlits, leggja samtökin áherslu á að íþyngjandi, flókið, og óaðgengilegt regluverk gæti kæft nýja grein í fæðingu.

Hér að neðan má finna helstu athugasemdir og ábendingar samtakanna í tengslum við skýrsluna. Samtökin bjóða fram aðstoð sína við áframhaldandi vinnu tengda stefnumörkun til uppbyggingar sjálfbærrar þörungaframleiðslu og nýtingar á landinu.

Helstu athugasemdir varðandi málefni stórpörunga

Skýra verður kröfur um leyfi og ferli tengd þeim

Aðildarfélag samtakanna sem stunda eða hafa fyrirætlanir um að stunda stórpörungarækt, hafa fengið mjög mismunandi og misvísandi skilaboð frá stjórnvöldum og eftirlitsstofnunum um hvort sérstök leyfi þurfi til ræktunar á stórpörungum, og ef svo er, hvaða leyfi þurfi. Einhverjir hafa fengið leiðbeiningar um leyfisferli, öðrum hefur verið bent á stofnanir, sem svo aftur benda á aðrar stofnanir. Eins og staðan er í dag, verður ekki séð að það þurfi sérstakt leyfi til ræktunar þörunga í sjó, önnur en þau sem almennt þarf til að koma hlutum fyrir í hafinu (t.d. leyfi landeigenda og umsögn Samgöngustofu). Þrátt fyrir það hafa stofnanir, meðal annars þær sem heyra undir ráðuneytið, ekki getað staðfest að það þurfi ekki frekari leyfi. Samtökin benda á að leyfi til ræktunar þörunga í sjó sé frábrugðið leyfi til vinnslu þörunga, t.d. til manneldis eða dýrafóðurs, en sérstök leyfi þarf augljóslega fyrir það.

Þetta ástand, þar sem engin lög virðast eiga við um starfsemina en stjórnvöld vilja ekki staðfesta að aðilar mega stunda ræktun í sjó, er vandamál sem verður að leysa og er algjörlega á færi stjórnvalda að gera. Samtökin leggja því ríka og mikla áherslu á að leyfiskröfur verði skýrðar sem fyrst svo þeir sem hyggja á ræktun fái góðar og réttar leiðbeiningar frá stjórnvöldum.

Hyggja stjórnvöld á gerð sérstaks leyfis vegna þörungaræktar er fyrir öllu að leyfin verði hönnuð með umfang og stærð starfseminnar í huga. Þar taka samtökin undir tillögur BCG um að búið verði til tilrauna- eða þróunarleyfi meðan að ítarlegra regluverk verður þróað. Samtökin bjóða fram aðstoð sína þegar kemur að hönnun regluverks, enda ætti að vera forgangsmál að leyfin tryggji möguleika á öruggri framþróun í greininni, í sátt við náttúru og nærsamfélag.

Stórauka þarf þekkingu á lífverunni

Samtökin taka heilshugar undir ábendingar skýrsluhöfunda um að það þurfi að stórauka rannsóknir og fræðslu með tilliti til fjölbreytileika innan tegunda, samspil við vistkerfi og áhrif á þau. Þekking á erfðamengjum þörunga við Íslandsstrendur er mjög takmörkuð. Nokkur verkefni eru í vinnslu hvað varðar kortlagningu erfðamengja, en þau eru fjármögnuð af fyrirtækjum. Þar sem þessar upplýsingar og þekking munu nýtast stjórnvöldum, rannsóknarstofnunum, eftirlitsstofnunum, og fyrirtækjum, ættu stjórnvöld að hafa aðkomu að fjármögnun á grunnrannsóknum. Eðlilegt væri að unnin væri rannsóknaráætlun í samstarfi við hagaðila sem miðaði að því að undirbyggja þörungarækt til framtíðar. Þá er þekking á lífsferlum stórpörunga misgóð, en mikilvægt er að byggja hana upp til að hægt sé að byggja upp framleiðslu á gróum til útplöntunar.

Tækifæri til atvinnustarfsemi tengda sjálfbærni

Skýrslan nefnir ýmsa kosti þörunga þegar kemur að jákvæðum inngripum í umhverfið - t.d. með bindingu kolefnis í strandsvæðum (stundum nefnt einu orði *blue carbon*) eða mótvægisáðgerðum við ofauðgun tengda sjókvíaelði, fráveitu eða landbúnaði. Ísland ætti að koma sér fyrir sem land í

fremstu röð þegar kemur að rannsóknum og þróun tengdum möguleikum þörungum. Hér á landi einstök umhverfisskilyrði til smáþörungaræktar með aðgangi að hreinum sjó, vatni, jarðvarma og grænni raforku

Matvælalandið Ísland á því mikla möguleika að verða leiðandi á heimsvísu í umhverfisvænni framleiðslu smá- og stórþörungum.

Fyrir hönd Samtaka þörungafélaga,

Sigurður Pétursson, formaður stjórnar

Eydís Mary Jónsdóttir, meðstjórandi

Kristinn Árni L. Hróbjartsson, meðstjórnandi

Tryggvi Stefánsson, meðstjórnandi

VIÐAUKI

Almennar athugasemdir við skýrslu Boston Consulting Group

Samtök þörungafélaga vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri varðandi innihald skýrslunnar.

- Í skýrslunni er talað um smápörunga sem ferskvatnstegund og að gnægð ferskvatns sé mikill kostur. Samtökin benda á að það sé einföldun. Margar nytjategundir eru sjávarpörungar.
 - Bls 207: Ljós lífviðtaki og lengdarstraumsrenna eru ekki góðar þýðingar. Eðlilegra að tala bara um mismunandi lokuð ræktunarkerfi, skiptir ekki öllu máli hvort að þau eru úr plasti eða gleri eða hvernig þau eru í laginu
 - Bls 210: 125t þurrvigt og söluverðmæti upp á 14 mil EUR gefur svolítið skakka mynd. Algalíf framleiðir „bara“ 25t af þessum 125t en skilar 9-10mil af 14mil tekjum
 - Bls 212: SagaNatura er ekki að framleiða smápörunga lengur
 - Bls 228: Hér væri hægt að nefna supercritical CO2 extraction hjá Algalíf sem dæmi um virðisaukandi vinnslu
- Stórpörungar
 - Almennt er talað um magn stórpörunga út frá blautvigt á sjálfbærri öflun brúnþörunganna annars vegar og kísilþörunganna hins vegar
 - Ef bera á saman við magn smápörunga þá er þar vísað til þurrvigt söluvöru og kannski betri nálgun hefur áhrif líka þegar lagt er mat á framleiðslu magn og verðmæti á nokkrum stöðum í skýrslunni
 - Bls 216: fjallað um samstarf Eldey Aqua við ræktun þörunganna á eldissvæði Arctic Fish þá var það á svið fjölræktar (e. Integrated multi-trophic aquaculture, IMTA) þar sem uppleyst næringarefni úr laxeldinu sýndi aukinn vöxt á þörungum á sama svæði sem svo aftur binda CO2 til lækkunar kolefnissþors. Villa í þessum texta að tilraunin hafi verið með hörpudisk
 - Bls 227: vantar þarna á myndina starfsemi Asco Harvester og Íslensk Bláskel og Sjávargróður í Stykkishólmi sem eru bæði í öflun, ræktun og vinnslu á þara og þangi. Einnig vantar þarna starfsemi Fine Foods Islandica á Vestfjörðum sem hefur verið í ræktun og fullvinnslu sjávarpörunga og munu þau senda inn sér umsögn til frekari skýringa.